

Reykjavík, 24. júní 2016

Samkomulag um sátt vegna brots Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf. á 1. mgr. 78. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti

Hinn 3. júní 2016 gerðu Fjármálaeftirlitið og Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf., hér eftir nefnt málsaðili, með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brots á 1. mgr. 78. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti.

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Málsaðili viðurkennir að hafa brotið gegn 1. mgr. 78. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti (vvl.) með því að vanrækja að senda flöggunartilkynningar til Nýherja hf. og Fjármálaeftirlitsins þegar atkvæðisréttur hans, sem eigandi að hlutum í Nýherja hf., fór yfir 5% flöggunarmörk.

Málsaðili fellst á að greiða sekt að fjárhæð 1.400.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar.

Málsatvik

Hinn 24. september 2014 eignaðist málsaðili hluti í Nýherja hf. sem leiddi af sér að atkvæðisréttur málsaðila í útgefandanum fór upp fyrir 5% mörk. Málsaðili sendi ekki flöggunartilkynningu vegna viðskiptanna til Fjármálaeftirlitsins og tilkynning sem send var útgefanda vegna yfirfærslu eignarhlutarins uppfyllti ekki kröfur 85. gr. vvl.

Lagagrundvöllur

Eigandi, sem aftar eða ráðstafar hlutum í útgefanda hlutabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, skal senda með sannanlegum hætti tilkynningu til viðkomandi útgefanda og Fjármálaeftirlitsins ef öflunin eða ráðstöfunin leiðir af sér að atkvæðisréttur nær, hækkar yfir eða lækkar niður fyrir eitthvert eftirtalinna marka: 5, 10, 15, 20, 25, 30, 35, 40, 50, 66 2/3 og 90%, samkvæmt 1. mgr. 78. gr. vvl. Þá skulu koma fram í tilkynningunni upplýsingar um atkvæðisrétt eftir breytingu, dagsetningu þegar flöggunarskylda stofnaðist og fullt nafn eiganda hlutanna, samkvæmt 85. gr. vvl. Tilkynninguna skal senda eins fljótt og auðið er og eigi síðar en næsta viðskiptadag eftir að flöggunarskyldan stofnaðist, samkvæmt 86. gr. vvl.

Brot á 1. mgr. 78. gr. vvl. getur varðað stjórnvaldssektum, sbr. 16. tölul. 1. mgr. 141. gr. vvl. og geta sektir sem lagðar eru á lögaðila numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr., sbr. 3. mgr. 141. gr. laganna. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á 1. mgr. 78. gr. vvl. með sátt enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 142. gr. laganna og reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Ákvörðun sektarfjárhæðar

Sektarfjárhæð er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið með sátt.

Samkvæmt 3. mgr. 141. gr. vvl., eins og ákvæðið var á þeim tíma sem brot málsaðila átti sér stað, skal við ákvörðun sektar m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar í máli þessu hefur Fjármálaeftirlitið litið til mikilvægi flöggunartilkynninga en þeim er ætlað að treysta gagnsæi fjármáلامarkaðar með því að upplýsa um breytingar á verulegum hlut atkvæðisréttar eigenda í útgefendum. Flöggunartilkynningar stuðla að vitneskju um hverjir það eru sem ráða yfir verulegum atkvæðisrétti í útgefendum og eru líklegir til að hafa áhrif á stjórnun þeirra.

Þá hefur Fjármálaeftirlitið litið til þess að um er að ræða fyrsta brot málsaðila á 1. mgr. 78. gr. vvl. auk þess sem að tafir urðu á afgreiðslu málsins hjá Fjármálaeftirlitinu.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brots, atvikum máls að öðru leyti og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með sátt við upphaf athugunar er sektarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 1.400.000 krónur.

Réttaráhrif

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 142. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglna nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sektarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sektarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvís af því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið fellt það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt.